

Alþingi
Erindi nr. P 143/77
komudagur 29.10.2013

Viðtakandi: **Utanríkismálanefnd Alþingis**
Sendandi: **Utanríkisráðherra**
Dagsetning: **25.10.2013**
Málsnúmer: **UTN13090088**
Bréfalykill: **89.A.001**

Meðferð tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2013 á Alþingi hefur leitt í ljós að sá liður tillögunnar sem fjallar um efni tilskipunar hefur að geyma ákveðinn misskilning auk þess sem að textinn mætti vera skýrari.

Tillagan til þingsályktunarinnar er lögð fram í þeim tilgangi að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2013 um að fella tilskipun 2011/77/ESB inn í EES-samninginn en Ísland samþykkti ákvörðunina með stjórnskipulegum fyrirvara hinn 3. maí sl. Tillagan varðar ekki hina eiginlegu innleiðingu tilskipunarinnar en mennta- og menningarmálaráðherra mun leggja fram lagafrumvarp til innleiðingar hennar.

Sá texti sem hér fer á eftir hefur að geyma leiðréttar upplýsingar um efni tilskipunarinnar:

Tilskipun 2011/77/ESB felur í sér breytingar á tilskipun 2006/116/EB um verndartíma höfundaréttar og tiltekinna skyldra réttinda. Eftirfarandi samantekt er um meginefni tilskipunarinnar og kemur í stað lýsingar í 3. lið athugasemda í tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2013 um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn.

Meginefni tilskipunar felur í sér að verndartími á upptöku af listflutningi í hljóðritum er lengdur úr 50 árum í 70 ár eftir fyrsta útgáfudag hennar eða fyrsta dag miðlunar hennar.¹ Með þessu er stefnt að því að að samræma verndartíma sem höfundar njóta vegna verka sinna, vernd flytjenda vegna hljóðrita af flutningi þeirra og vernd framleiðenda hljóðrita en samkvæmt núgildandi rétti er einkaréttur höfunda á verkum sínum 70 ár en vernd listflytjenda vegna flutnings verka og upptöku slíks flutnings og framleiðenda hljóðrita 50 ár.

Þá er kveðið á í tilskipuninni um **frekari ráðstafanir** til að tryggja að flytjendur tónlistar njóti fjárhagslegs ávinnings af lengingu verndartíma hljóðrita úr 50 í 70 ár.

- **Í fyrsta lagi** getur listflytjandi sagt upp samningi sínum við framleiðenda hljóðrita hafi hin framseldu réttindi ekki verið hagnýtt í nægilegum mæli, sk. „*use-it-or-loose-it*“ ákvæði, þ.e. ef framleiðandinn sér ekki um að markaðssetja upptökuna eftir að 50 ár af verndartímanum er lokið.² Með því er átt við tilvik eins og þegar hljóðrit hefur ekki verið útgefið eða að framleiðandi tryggir ekki að nægileg eintök af því séu til sölu eða það aðgengilegt neytendum á annan hátt. Sambærileg heimild er þegar í höfundalögum vegna samninga á milli útgefenda bóka og myndlistarverka og höfunda slíkra verka.³

¹ Þetta tekur bæði til útgáfu upptöku, t.d. á geisladiski eða annarrar birtingar upptökunnar t.d. með miðlun á netinu, sbr. a-liður 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar sem verður annar málsliður 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2006/116/EB.

² Sbr. formálslið 8 og c-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar sem verður 2. mgr. a, 3. gr. tilskipunar 2006/116/EB.

³ 36. gr. laga nr. 73/1972

- **Í öðru lagi** skal listflytjandinn, sem samið hefur um eingreiðslu fyrir hljóðrit af flutningi sínum, eiga rétt á árlegri viðbótargreiðslu frá framleiðanda hljóðritsins eftir að 50 ár eru liðin frá fyrsta útgáfudegi hljóðritisins eða fyrsta degi miðlunar þess til loka hins framlengda verndartímabils eða næstu 20 árin.⁴ Viðbótargreiðslan skal nema 20% af tekjum framleiðanda hljóðritisins undangengis árs og skal framleiðendum skylt að gefa listflytjendum allar nauðsynlegar upplýsingar til að geta krafist greiðslunnar.⁵ Innheimtusamtök rétthafa⁶ skulu sjá um framkvæmd slíkra viðbótargreiðslna.⁷
- **Í þriðja lagi** er mælt fyrir um í hvaða mæli framangreindar breytingar hafa áhrif á núverandi réttindi og framsalssamninga sem hafa þegar verið gerðir þar sem listflytjandi hefur samið um prósentur af sölu eða höfundalaun fremur en eingreiðslu fyrir réttinn að hljóðriti af flutningi sínum.⁸ Þá er mælt fyrir um að enginn frádráttur verði af viðbótargreiðslum sem listflytjandi á að fá eftir að 50 ár af verndartíma er lokið til loka verndartímabilsins (næstu 20 árin). Þetta á að tryggja að listflytjandinn hafi “hreint borð” þegar að viðbótargreiðslum kemur eftir að 50 ár af verndartímabilinu er lokið.⁹

Til viðbótar við lengingu verndartíma hljóðrita úr 50 í 70 ár er í tilskipuninni kveðið á um að samræma skuli útreikning verndartíma tónverka og texta þegar svo stendur á að hvort tveggja er sérsamið fyrir viðkomandi heildarverk af mismunandi einstaklingum. Í þeim tilvikum skal verndartími hvoru tveggja vera 70 ár frá andláti þess höfundar sem lengst lifir.¹⁰

Loks er í tilskipuninni mælt svo fyrir að réttindi sem voru fallin niður fyrir 1. nóvember 2013 verði ekki endurvakin vegna lengingar verndartíma hljóðrita úr 50 í 70 ár.¹¹

⁴ Sbr. c-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar sem verður 2. mgr. b, 3. gr. tilskipunar 2006/116/EB.

⁵ Sbr. c-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar sem verður 2. mgr. c, 3. gr. tilskipunar 2006/116/EB.

⁶ Væntanlega SFH á Íslandi, sjá <http://www.sfh.is>

⁷ Sbr. c-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar sem verður 2. mgr. d, 3. gr. tilskipunar 2006/116/EB.

⁸ Sbr. c-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar sem verður 2. mgr. e, 3. gr. tilskipunar 2006/116/EB.

⁹ Sbr. formálslið 14 í tilskipuninni.

¹⁰ Sbr. 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar sem verður 7. mgr. 1. gr. tilskipunar 2006/116/EB.

¹¹ Sbr. 4. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar, sem verður 10. gr. a tilskipunar 2006/116/EB.